

Mál nr. 4/2022

Þriðjudaginn 9. ágúst var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.4/2022

HRFÍ

gegn

X og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I.Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 6.júní 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að X hafi gerst brotlegt við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ. Við skráningu á hvolpum fæddum þann 07.01.2022 kom í ljós að Maltese tíkin A var ekki með gilt hnéskeljavottorð fyrir pörun. Maltese B var einnig ekki með gilt hnéskeljavottorð fyrir pörun.

Ræktandi gotsins og eigandi tíkarinnar X. Eigandi rakkans er Y

Andmæli bárust frá X þar sem málsatvikum var ekki mótmælt sem ósönnuðum.

Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Maltese tíkin A var ekki með gilt hnéskeljavottorð fyrir pörun. Maltese rakkinn B var einnig ekki með gilt hnéskeljavottorð fyrir pörun.

III.Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.7. að vera með gilt vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Maltese:

„Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.”

Í málinu liggur fyrir að þegar pörun fór fram hafði Maltese tíkin A ekki gilt hnéskeljavottorð . Maltese rakkinn B var einnig ekki með gilt hnéskeljavottorð fyrir pörun. Hefur X því gerst brotlegt við grein 10.7 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

X hefur ekki gefið nein svör eða skýringar né haldið uppi vörnum í málinu. En X hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegt við reglur félagsins og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

IV.Niðurstaða

X telst hafa gerst brotlegt við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ.

X er áminnt.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen